



Minnisblað - lánsúmsókn bæjarsjóðs

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2023, sem samþykkt var á 503. fundi bæjarstjórnar, þann 1. desember 2022, var ákveðið að lántaka Ísafjarðarbæjar á árinu 2023, yrði 350.000.000, vegna framkvæmda og afborgana eldri lána ársins 2021.

Með tölvupósti þann 24. febrúar 2023 lýsti fjármálastjóri yfir vilja á að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna ofangreinds.

Beiðni Ísafjarðarbæjar verður tekin fyrir á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga þann 9. mars 2023, en svo til útgreiðslu komi þarf að liggja fyrir samþykki bæjarstjórnar um að samþykkja að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Ísafjarðarbæjar hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 350.000.000 til 16 ára, með verðtryggðum 3,15% vöxtum, láns í lánaflokknum LSS39.

Lagt er því til að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykki að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 350.000.000.-, til 16 ára, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lánið er tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og endurfjármagna afborganir eldri lána sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Örnú Láru Jónsdóttur, bæjarstjóra, kt. 300575-5759, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess, f.h. Ísafjarðarbæjar, að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.